



199. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 31. maí 2018 kl. 09:30.

Mætt: Brynjólfur Magnússon, Elín Einarsdóttir, Hólmfríður Sigrún Gylfadóttir (fulltrúi foreldra), Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón G. Valgeirsson, Olga Líska Garðarsdóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara) Matthías Bjarnason (fulltrúi nemenda), Haraldur Eiríksson og Þórarinn Ingólfsson.

Ingvar Pétur setti fundinn. Fundargerð 198. fundar var lögð fyrir og samþykkt án athugasemda.

Dagskrá:

1. Kosning formanns og varaformanns skólanefndar – OLG

Tillaga um að Ingvar verði áfram formaður skólanefndar og Jón verði áfram varaformaður nefndarinnar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

2. Námsframboð á næstu önn – breytingar/nýjungar - OLG

Olga Líska sagði frá því helsta sem tengdist námsframboði næstu annar og næsta skólaárs. Fram kom í máli hennar að boðið yrði upp á framhaldsnám í rafvirkjun og því þyrfti að bæta við kennara. Tvær umsóknir eru komnar í dag. Vélvirkjun hefur gengið vel og hefur verið auglýst sérstaklega eftir kennara til kennslu í málmiðnaðargreinum. Engin umsókn hefur borist. Fab Lab er komið til að vera og verður kenndur einn áfangi á næstu önn. Fab Lab er samvinnuverkefni og hefur Háskólafélagið yfirumsjón með því. Rætt var um tengsl Fab Lab smiðjanna við aðra skóla á skólasvæði Fjölbrautaskóla Suðurlands. Boðið er upp á pólsku fyrir Pólverja á næstu önn en umsóknir hafa ekki verið margar og því óljóst með framhaldið. Það kom fram á fundinum almennur áhugi nefndarmanna að reyna að láta þessa kennslu ganga upp.

3. Fjárhagsstaða FSu – HE

Haraldur fjármálastjóri byrjaði á að fara yfir fjölda starfsmanna og hvernig þróunin hefur verið. Fækkun hefur orðið á fjölda starfsmanna við skólann. Hann renndi yfir fjárhagsstöðu skólans og hvernig fjármagnið hefur dreifst með tilliti til launakostnaðar og annars reksturs. Fram kom í máli hans að staða skólans er góð og er ekki mikil ástæða til svartsýni. Olga Líska sagði í stuttu máli frá fjármagni sem kom til stúdentsbrauta með nýjum kjarasamningum kennara. Skipta þarf þessu fjármagni á milli kennara sem kenna greinar á stúdentsbrautum skólans. Vinnuáskilningur þarf að ákveða hvernig því fjármagni verður deilt út á kennara skólans.

4. Starfsmannamál – ráðningar – kennarar sem hætta – OLG

Skólameistari renndi yfir hverjir það væru sem væru að hætta við skólann, hverjir það væru sem færu í leyfi og hvernig yrði brugðist yrði við þessum breytingum. Það kom fram í máli hennar að staðan í starfsmannamálunum væri nokkuð góð og tekist hefði að manna í flest störf.

5. Önnur mál

a. Starfsmannasamtöl

Samtölin gengu vel og voru níu starfsmenn sem tóku samtölin. Gallup aðstoðaði við framkvæmd samtalanna. Almenn ánægja var með þetta hjá starfsmönnum.



b. Refillinn

Refillinn „Fósturlandsins Freyja“ er orðin klár og verður sett upp á vegg í kaffistofunni. Ótrúlega margar vinnustundir liggja að baki reffinum.

c. Félagsmál nemenda

Matthías Bjarnason formaður NFSu var boðinn velkominn á fund skólanefndar þar sem hann er nýr formaður ráðsins. Matthías gerði grein fyrir stöðu félagsins og hvernig þeir væru að velta fyrir sér framhaldinu. Ráðið verður í stöður félagsmálafulltrúa með nemendum á næstu önn þar sem núverandi félagsmálafulltrúi er að hætta störfum við skólann. Reiknað er með að þeir verði tveir samkvæmt nýju skipulagi nemendaráðs.

d. Foreldrafélag

Hólmfríður sagði í örstuttu máli frá starfssemi foreldrafélagsins og áhuga þeirra á að tengjast NFSu enn frekar.

Skólanefnd óskar skólameistara góðs í ársorlofi hennar.

Næsti fundur er fyrirhugaður í september þegar skólastarf er komið vel af stað.

Fundi slitið kl. 10:40

Fundarritari,

Þórarinn Ingólfsson